



## Fundargerð hreppsnefndar 05. mars 2014

**Hreppsnefndarfundu haldinn miðvikudaginn 5. mars 2014 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Ásrún Jörgensdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Einar Björn Kristbergsson, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Hafþór Róbertsson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 20. feb. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 20. feb. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð ferlinefndar frá 29. janúar sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð ferlinefndar frá 29. janúar sl.

Gerð var grein fyrir stöðu mála varðandi 2. tl. Þar kom fram að ekki hefur verið ráðist í framkvæmdir varðandi tækjaaðstöðu og erfitt sé að uppfylla staðla um aðgengi fatlaðra meðan aðstaðan búi við slíkar aðstæður sem raun ber vitni.

Fundarmenn tóku undir það sjónarmið að erfitt yrði að fullnægja slíku aðgengi, nema gera verulegar breytingar á aðstöðunni eða færa hana í nýtt húsnæði.

3. mál. Fundargerð húsnæðisnefndar 28. feb. sl.

Lögð fram fundargerð húnæðisnefndar frá 28. feb. sl. Oddviti gerði grein fyrir 2. tl.

fundargerðarinnar, þar sem lagt er til að alfarið verði við úthlutun félagslegra íbúða miðað við gildandi reglur, sem í gildi eru á félagsþjónustuvæði Fljótsdalshéraðs.

Hreppsnefnd tekur undir tillögu nefndarinnar varðandi þessi efni og felur húsnæðisnefnd í samráði við sveitarstjóra og starfsmen félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs að yfirfara orðalag í reglunum og koma þessari starfsaðferð á úthlutunarmál leiguhúsnæðis sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd telur einnig æskilegt að skoðaðir verði möguleikar á lagfæringu húsnæðis í Sundabúð eins og nefnt er í fundargerð húsnæðisnefndar.

4. mál. Umhverfissráðuneytið bréf dags. 24. feb. sl., varðandi starfsleyfi urðunarstaðarins að Búðaröxl. Jafnframt umsögn Umhverfisstofnunar um sama efni frá 18. des. sl.

Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytisins frá 24. feb. sl., varðandi umsókn um tímabundið starfsleyfi á urðunarstað Vopnfirðinga að Búðaröxl. Jafnframt er lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar um sama málefni frá 18. des. sl.

Í bréfi ráðuneytisins er beiðni Vopnafjarðarhepps, varðandi undanþáguna hafnað. Sveitarfélaginu er þó gefinn kostur á því að koma sjónarmiðum sínum um málefnið á framfæri. Óskað er eftir því að það sé gert eigi síðar en 20. mars nk.

Umsögn Umhverfisstofnunar varðandi þetta erindi er á hinn vænginn jákvæð og þar segir að stofnunin geri ekki athugasemdir við það að ráðherra veiti Vopnafjarðarheppi nýja undanþágu frá starfsleyfi, sem gilda muni á meðan lokið er við vinnslu og útgáfu nýs starfsleyfis. Stofnunin telur raunhæft að miða gildistíma nýrrar undanþágu við 15. nóv. 2014, enda ætti umhverfismat varðandi nýtt starfsleyfi þá að liggja fyrir.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að svara Umhverfissráðuneytinu og vinna áfram að úrlausn mála. Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál Snjómokstur, fækkun mokstursdaga á Mývatns- og Möðrudalsöræfum, ásamt Vopnafjarðarheiði. Fækkun mokstursdaga úr 6 í 2 daga. -Ályktun verður lögð fram á fundinum.-

Miklar umræður urður á fundinum um þessi mál og margvísleg óþægindi og öryggisleysi, sem lokanir af þessum toga hafa á einstaklinga og fyrirtæki. Fundarmenn lögðu áherslu á mikilvægi þess að Vegagerðin afturkalli hið sanarasta ákvörðun sína um að moka einungis 2 daga á Vopnafjarðarheiði, Möðrudals- og Mývatnsöræfum, í stað 6 daga eins og moka skal vegi í þessum þjónustuflokki.

Í framhaldi var lögð fram svofelld ályktun:

**„Ályktun um snjómokstur:  
Á Vopnafjarðarheiði, Mývatns- og Möðrudalsöræfum:**

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mótmælir harðlega niðurskurði Vegagerðarinnar á snjómokstursdögum á Vopnafjarðarheiði, Mývatns – og Möðrudalsöræfum, úr 6 dögum í 2, sem er rétt um 70 % niðurskurður.

Ákvörðun af þessum toga hefur mikil og slæm áhrif á fyrirtæki og einstaklinga, sem reiða sig á að samgöngur um þessar leiðir séu í lagi. Ástand þetta hefur veruleg áhrif á öryggi í rekstri fyrirtækja og þá þjónustu sem þau veita, hvort heldur er í verslun eða þjónustu. Jafnframt er öryggi einstaklinga, sem þurfa á lækniþjónustu að halda stefnt í hættu.

Af framansögðu er ljóst að lokun samgönguleiða eins og hér um ræðir hefur margvísleg óþægindi í för með sér bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, sem þurfa að komast leiðar sinnar af mismunandi orsökum.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hvetur stjórnvöld vegamála til þess að endurskoða þessa ákvörðun sína og reyna allt sem í þeirra valdi stendur til þess að halda þessum leiðum opnum á tilskyldum 6 dögum eins og almennt er gert með vegi í þessum þjónustuflokki vega.

Um leið og hreppsnefnd hvetur Vegagerðina til góðra verka í mokstri þessara leiða hefur nefndin fullan skilning á því að erfitt getur reynst að leysa málið, þegar náttúruöflin leyfa ekki opnun vegna vinda eða stórhriðar.“

Að loknum umræðum samþykkti hreppsnefnd fyrirliggjandi ályktun samhljóða með 7 atkvæðum og felur sveitarstjóra að koma henni á framfæri við Vegagerð, Innanríkisráðuneyti og þingmenn kjördæmisins.

6. mál. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga frá 28. feb. sl. varðandi aðalfund sjóðsins 27. mars. nk. Jafnframt auglýsing eftir framboðum í stjórn.

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga frá 28. feb. sl., þar sem boðað er til aðalfundar sjóðsins 27. mars nk. Jafnframt er lagt fram bréf sjóðsins frá sama degi, þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn sjóðsins.

Hreppsnefnd samþykkir að fulltrúi sveitarfélagsins mæti á fundinn.

7. mál. Drög að nýjum samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps.-Fyrri umræða.- Jafnframt drög að samþykkt um afgreiðslu bygginganefndar.

Lögð fram drög að nýjum samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps. Breyta þarf gildandi samþykktum til samræmis við ný sveitarstjórnarlög. Jafnframt lögð fram drög að samþykktum um afgreiðslu bygginganefndar sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi drögum að samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhepps. Í máli hans kom fram að drögin eru að uppistöðu til sambærileg eldri samþykktum. Samþykktirnar eru aðlagaðar að nýjum ákvæðum í gildandi sveitarstjórnarlögum. Auk þess er kveðið nánar á um nokkur atriði umfram það sem er í eldri samþykktum.

Sveitarstjóri lagði síðan til að samþykktunum yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Jafnframt gerði hann grein fyrir fyrirbyggjandi samþykktum um afgreiðslu byggingarnefndar og lagði til að þeim yrði einnig vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Allmiklar umræður urðu um þessi mál, þar sem sveitarstjórnarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Fyrirbyggjandi tillaga sveitarstjóra um að vísa samþykktunum til síðari umræðu var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Framtíð innanlandsflugs til Vopnafjarðarhrepps. Félagsfræðileg greining, unnin af starfsmönnum Innanríkisráðuneytisins í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (Skýrsluna í heild má finna á vef Innanríkisráðuneytisins).

Lagður fram úrdráttur úr skýrslu um félagshagfræðilega greiningu á framtíð áætlunarflugs innanlands. Skýrslan er unnin af fulltrúum Innanríkisráðuneytisins í samráði við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Mannvit verkfræðistofu.

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að flugvellirnir á Vopnafirði og Þórshöfn eru ekki þjóðhagslega hagkvæmir miðað við tilteknar forsendur, sem skýrsluhöfundar gefa sér í skýrslunni. Þessar flugleiðir eru einungis reiknaðar út miðað við flug til Akureyrar og borið þannig saman við landsamgöngur. Þetta er gert þrátt fyrir að megin þorri farþega frá þessum stöðum sé á leiðinni til Höfuðborgarinnar, en ekki einungis til Akureyrar. Ennfremur er það ekki tekið með í reikningin hvort aðrir almenningssamgöngumöguleikar eru til og frá staðanna eða ekki

Nauðsynlegt er að kalla eftir fundi með Innanríkisráðuneytinu, þar sem farið verður nákvæmlega yfir þýðingu innanlandsflugsins fyrir þessa staði og hvernig helst verður farið að því að tryggja almenningssamgöngur til og frá Vopnafirði með flugi.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða með 7 atkvæðumað að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna að framgangi innanlandsflugs til og frá Vopnafirði.

9. mál. Kaup Vopnafjarðarhrepps á ýmissi vöru og þjónustu.

Undir þessum lið var almennt fjallað um kaup sveitarfélagsins á vöru og þjónustu og hvernig best væri að standa að slíkum málum.

Umræðan var undir þeim formerkjum að mikilvægt sé að öflug þjónusta og verslun, af sem fjölbreytilegustu tagi, sé til staðar í hverju samfélagi.

Umræður um þessi mál urðu töluvert miklar, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Almennt töldu fundarmenn mikilvægt að leitast yrði við að versla sem mest í heimabyggð innan þeirra reglna, sem um slík mál gilda hjá sveitarfélaginu.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að framgangi mála og leita leiða til þess að kaup á þjónustu og vöru sé keypt í eins miklum mæli í heimabyggð og unnt er.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

10. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið bréf dags. 24. feb. sl., varðandi Byggðakvóta

2013/2014.

Lagt fram bréf Atvinnuvegaráðuneytisins frá 24. feb. sl., þar sem tilkynnt er að Vopnafjarðarhreppur hefur fengið umbeðinn frest til þess að skila inn tillögum, vegna byggðakvóta 2013/2014.

Á fundinum lágu einnig fyrir upplýsingar um það að vinnsluleyfi var komið á fiskvinnsluhús eins og beðið hefur verið eftir.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Æskulýðsfélag Hofsprestakalls, styrkbeiðni, vegna kynningar á vinavikunni.

Lagt fram bréf Hofsprestakalls, varðandi styrkbeiðni.

Samþykkt að veita félaginu heildarstyrk að fjárhæð 100 þús. kr.

b) Bréf Vegagerðarinnar mótttekið 28. janúar sl., varðandi styrki til samgönguleiða, svokallaðra styrkvega. Umsóknum skal skila eigi síðar en 15. apríl nk.

Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að leita leiða til þess að fá styrk til vega í sveitarfélaginu, sem falla undir þennan flokk vega.

c) Minjasafnið á Bustarfelli bréf dags. 27. feb. sl. til Safnaráðs, varðandi styrki.

Lagt fram bréf Minjasafnsins til Safnaráðs varðandi styrki.

Sveitarstjóra falið að styðja við erindið eins og óskað er eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.44